

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 18. júní 2014, kl. 11-12.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Trausti Þorsteinsson, Kristín Jónsdóttir og Sólrún Harðardóttir.

1. Ráðstefnan Future teachers - A profession at crossroads

Almennt var sagt frá stöðu mála varðandi ráðstefnu. Kristín og Trausti hafa nú komið inn í almennan undirbúningshóp. Sérstaklega voru tekin til umræðu nokkur atriði varðandi ráðstefnuna:

- a) Rætt var um mögulega fundi með fyrirlesurunum þremur fyrir utan ráðstefnuna með fólki frá ráðuneyti, háskólum, fulltrúum kennara og sveitarfélaga.
Sigurjóni Mýrdal, Svanhildi M. Ólafsdóttur, Jóni Torfa Jónassyni og Gunnari Gíslasyni var falið að vinna saman þessa dagskrá.
- b) Hnykkt var á hugmyndum um þóknanir, en áður var það ákveðið að greiða því fólki sem er í hlutverkum 25.000 kr. Allir greiða skráningargjald. Á vinnustofum eru jafnan 2-3 í forsvari og var samþykkt að greiða hverri vinnustofu 75-100.000 kr.
- c) Út frá dagskrá var rætt um veislustjóra í hátíðarkvöldverði og var þar komið með nokkrar hugmyndir. Eins var hlutverk ráðstefnustjóra rætt og talað um að einhver frá ráðuneyti myndi ljúka ráðstefnunni.
- d) Varðandi málstofur var rætt um að stýrihópur myndi koma með hugmyndir að fólki til að stjórna málstofum og vera þar ritara. Þar þarf hver og einn að leita í sitt bakland. Rætt hefur verið að þetta fólk komi úr fagráðinu. Um er að ræða fimm málstofur sem fólk hittist þrisvar í. (Sami hópur – sömu málstofustjórar og ritara).
Jafnframt var rætt að setja þyrfti niður lýsingu á vinnulagi í málstofum. Nokkrar hugmyndir komu fram, en Sólrúnu var falið að gera fyrstu tillögu í þeim efnum. Stýrihópurinn myndi svo koma með athugasemdir.
Halda verður vel á spöðunum, en rétt þótti að boða þessa varðandi málstofustjóra og –ritara á fund fyrir lok júní.

2. Kortlagning sjóða

Skýrsla frá RHA um kortlagningu á sjóðakerfi í sambandi við starfsþróun kennara og símenntun hefur nú borist og ætlar Sigurjón að senda hana áfram til fagráðs. Hún verður svo tekin til umfjöllunar í haust.

3. TALIS

Niðurstöður úr TALIS fara að koma í ljós og hafa Sigurjón og Ragnar F. Ólafsson hjá Námsmatsstofnun verið í sambandi um það mál. Búast má við einhverjum niðurstöðum nú í lok júní. TALIS verður eins og skýrslan frá RHA nánar til umræðu síðsumars.

3. Önnur mál.

Næsti fundur stýrihóps verður væntanlega haldinn 8. ágúst.

Fundi slitið.

Sólrún Harðardóttir fundarritari.